



## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

### ***Umsögn um tillögu borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um strætógötu í Öskjuhlíð***

Á fundi borgarráðs 7. september 2023 var lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

*Lagt er til að strætisvagnatengingar milli Reykjavíkur og Kópavogs verði bættar með því að vestari hluti Vesturhlíðar verði lagfærður og gerður að svokallaðri strætógötu, þar sem einungis yrði heimilaður akstur strætisvagna og neyðarþjónu. Með slíkri aðgerð væri unnt að bæta strætisvagnatengingar við Háskólann í Reykjavík og aðra starfsemi í Nauthólsvík, sem lengi hefur verið kallað eftir. Borgarstjóra er falið að hefja viðræður við Strætó bs. um málið og hefja undirbúning að viðeigandi skipulagsbreytingum.*

Tillögunni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs.

Umsögn:

Ljóst er að fara þyrfti í umfangsmiklar framkvæmdir svo hægt væri að gera þennan veg aksturshæfan fyrir Strætó. Akstur um hann myndi þó ekki nýtast skv. áætlunum um nýtt leiðanet Strætó og því væri afar takmarkaður ávinningur af því að fara í slíkar framkvæmdir. Einnig er þetta vinsælt útivistarsvæði sem myndi verða fyrir neikvæðum áhrifum bæði m.t.t. öryggis og upplifunar á náttúru og kyrrð, ef strætógata yrði gerð á þessum stað.

Virðingarfyllt,  
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir  
samgöngustjóri